

Ársskýrsla alþjóðafulltrúa 2011-12

Lárus Bragason

Inngangur

Alþjóðafulltrúi Fjölbrotaskólans fékkst við mörg verkefni veturinn 2012. Svára þurfti mörgum áhugaverðum bréfum og erindum er bárust inn á borð fulltrúans. Oft þarf að senda Letter of intend og fleiri skjöl. Starfið var frjótt og áhugavert. Skólameistara verður þakkaður stuðningur margs konar.

A. Comenius –Wolf and wildlife. Þetta gerðist veturinn 2011-12

Heilmikið var að gerast í Comeniusarverkefninu Wolf and wildlife veturinn 2011-12. Farið var í þrjár heimsóknir.

I. Fyrsta heimsóknin var til Spánar 17.-21. október í ferðina fóru þrír kennarar Kristján Þórðarson, Þorvaldur Guðmundsson og Þór Stefánsson.

Lagt var af stað laugardaginn 19. október. Flogið var til London og þaðan til Barcelona. Á sunnudeginum var gist á Hótelu við Römluna. Þar gistu líka nemendur og kennarar frá Póllandi. Þess má geta að ekki er mælt með þessum gististað.

Næsta mánudag hófst dagskrá ferðarinnar í dýragarðinum í Barcelóna. Þar hittust þátttakendur frá öllum löndum en þau voru auk gestgjafanna Spánverja, Noregur, Ítalía, Pólland, Litháen, Rúmenía, Eistland, Portúgal og Slóvakía.

Fyrirlestur var í dýragarðinum um Iberan-úlfinn á Spáni. Að því loknu var dýragarðurinn skoðaður. Síðdegis var farið í Collserola Natural Park. Næst var haldið til Montbui í Catalóníu hvar skólinn er sem tók á móti okkur. Þar var fundað í tvo daga og farið á leðursafn. Á miðvikudagsmorgni var haldið í Pyrennafjöllin þar sem dvalið var í THE MONNATURA PIRINEUS WILDLIFE CENTRE.

Á leiðinni var komið í fjárhirðasafni og Jesúmynd skoðuð. Í miðstöðinni var stanslaus dagskrá í tvo og hálfan dag frá morgni til kvölds. Í miðstöð villtra dýra er reynt að aðlaga dýr sem fæðast þar að lífi villtra dýra og sleppa þeim út í náttúruna. Um miðjan föstudag var dagskrá lokið og haldið til Barcelóna.

II. Fundur í Lillehammer Noregi 27. mars - 31. mars.

Í ferðina fóru þrír kennarar Grímur Lúðvíksson, Svanur Ingvarsson og Þór Stefánsson einnig voru með í för Marvin Helgi Magnússon, Þórdís Björnsdóttir og Ægir Guðjónsson.

Lagt var af stað 27. mars og flogið til Osló. Svanur Ingvarsson tók á móti Íslendingunum ásamt víðkunnri frænku sinni Jóhönnu Jónasdóttur og manni hennar Stein Aage Lysgard. Frá Gardemoenflugvellingnum var tekin lest til Lillehammer. Þar tók Per Hanssen á móti hópnum og fór með hann á hótél. Á miðvikudeginum var dagskrá í skólanum. Norskir nemar voru með kynningu á námi rafvirkja í Noregi og starfsþjálfun. Íslensku nemarnir voru með kynningu á skólanum, Íslandi og verkefningu. Sýnt var myndband sem nemendur höfðu gert. Eftir hádegi var skólinn skoðaður. Um kvöldið fóru kennarar í matarboð. Íslenskir og norskir nemar fóru saman út að borða.

Á fimmtudeginum var leitað að sporum eftir dýr í snjó. Gengið var 6,5 km í snjó á snjóþrúgum því voru Íslendingar vanir. Pylsur voru teknar með og grillað var úti í skógi. Á föstudeginum var farið á Maihaugen safnið sem var stórfróðlegt og skemmtilegt. Farið var í litbolta og tekið á því. Um kveldið fóru allir út að borða.

Á laugardeginum hélt hópurinn heim til Íslands. Allir voru kátir eftir vel heppnaða ferð.

III. Heimsókn til Vila Pouca de Aguiar í Portugal 23.-27. apríl

Í ferðina fóru þrír kennarar Sigurður Grímsson, Þór Stefánsson og Örlygur Karlsson. Einnig fóru með Bogi Pétur Thorarensen og Sölvi Sveinsson.

Lagt var af stað sunnudaginn 22. apríl. Flogið var til London með Icelandair og lent á Heathrow. Leigubíll flutti hópinn á Stanstedflugvöll. Þaðan var flogið með Ryanair til Porto. Hópurinn gisti eina nótt á Hosteli í Porto. Þar voru líka hópar frá Ítalíu, Eistlandi og Póllandi. Á mánudeginum var farið með rútu til Vila Pouca de Aguiar. Þangað var komið eftir tveggja tíma akstur.

Eftir að komið var á staðinn voru allir hópar með kynningu á vinnu þeirri er fram hafði farið á Spáni. Drengirnir stóðu sig vel og lásu ljóð á íslensku og

ensku. Fjölluðu ljóðin um refinn. Auk þess var sýnt 10 mínútna myndband sem tekið var á vél sem komið hafði verið fyrir við æti er lagt hafði verið úti. Vélin var með hreyfiskynjara og infrarauðu ljósi þannig að hún tók myndir bæði í björtu og myrkri. Þegar vélin skynjaði hreyfingu tók hún myndir í eina mínútu. Á myndbandinu má auk refa sjá mýs, hrafna og hunda sem vilja gæða sér á góðmetinu.

Stanslaus dagskrá var næstu þrjá daga og móttökur einstaklega höfðinglegar.

Að lokinni frábærri heimsókn var haldið af stað heim 27. apríl 2012.

B. Heimsókn fimmtudaginn 26. apríl.

Fimmtudaginn 26. apríl kom Jette Elbæk Maressa ritstjóri danska stórblaðsins í stutta heimsókn í FSu. Nemendaráð tók á móti Jette og átti með henni stuttan fund þar sem farið var yfir stöðu ungs fólks á Íslandi tveimur árum eftir hrunið. Í för með Jette voru tveir ítalskir kennarar, Daniela Glucksberker og Lola Bardot. Lárus Bragason sýndi þeim skólann voru þær afar hrifnar af skólanum, öllu vel við haldið og umgengni góð.

C. Heimsókn háskólakennara frá Uppsalaháskólanum

Föstudaginn 19. sept komu tíu kennarar frá háskólanum í Uppsala í Svíþjóð. Alþjóðafulltrúi skólans Lárus Bragason tók á móti gestunum. Eftir kynningu á skólanum og fyrirspurnir í stofu 207 var farið í stutta gönguferð um skólasvæðið og skólinn skoðaður. Gestirnir voru ánægðir og spurðu margs um skipulag og eðli Fjölbrautaskóla Suðurlands. Það voru stóránægðir sænskir háskólakennarar er héldu á brott eftir ítarlega kynningu alþjóðafulltrúa skólans.

Lárus Bragason.